

Landsnet hf.
Þórarinn Bjarnason
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2012

Tilvísun: 201110004 / 5.2

Efni: Tenging Hólmsár- og Búlandsvirkjana með háspennulínunum - ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets hf. að matsáætlun um Tenging Hólmsár- og Búlandsvirkjana með háspennulínunum, Skaftárhreppi.

Landsnet hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 21. nóvember 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

Landsnet. Tenging Hólmsár- og Búlandsvirkjana. Flutningslínur í Skaftártungu, 132/220 kV. Efla hf - verfræðistofa. 21. nóvember 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skaftárhreppi, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Mannvirkjastofnun, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust engar athugasemdir frá almenningi, en eftirtaldir aðilar gáfu umsögn: Skaftárhreppur, með tölvupósti dags. 20. desember 2011, Ferðamálastofa, með bréfi dags. 29. desember 2011, Fornleifavernd ríkisins, með bréfi dags. 9. desember 2011, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, með bréfi dags. 13. desember 2011, Orkustofnun, með bréfi dags. 9. desember 2011 og Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 9. desember 2011. Umsögn barst ekki frá Mannvirkjastofnun. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá Landsneti í kjölfar umsagna með bréfi dags. 12. janúar 2012.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Landsnet setti fram í bréfi dags. 12. janúar 2012 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 1.1 og 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti í legu háspennulínanna. Fram kemur að ýmsir kostir hafi verið skoðaðir í samráði við sveitarfélagið Skaftárhrepp og landeigendur. Skipulagsstofnun bendir á að ekki kemur fram í áætluninni hvaða forsendur

lágu til grundvallar vali á einstökum leiðum og af hverju aðalvalkostur Landsnets sé sá kostur sem þyki ákjósanlegastur. Skipulagsstofnun óskaði í tölvupósti þann 10. janúar 2012 eftir frekari upplýsingum um þessi atriði.

Í bréfi Landsnets, dags. 12. janúar 2012, kemur m.a. fram að á forstigi málsins hafi verið skoðaðir þrír kostir á tengingu fyrirhugaðra háspennulína við byggðalínu (Sigöldulína 4): Tengivirki við Prestbakka og tengivirki við Sigöldulínu sunnan Leiðólfsfells eða við Tólfahringa. Af þessum kostum sé tenging við Prestbakka lengst og muni liggja á kafla um Skaftáreldahraun og fjölfarnar ferðaleiðir. Tenging sunnan Leiðólfsfells, austan Skaftár, hafi verið talin óaðgengileg og færi um stærra óraskað svæði, en þeir kostir sem tillaga að matsáætlun geri ráð fyrir. Háspennulína frá Hólmsárviðkjuni að Tólfahringum sé talin eðlilegust með tilliti til hugsanlegra virkjunarkosta og vegalengdar. Samráð við landeigendur og sveitarstjórn hafi leitt í ljós að þeir kostir sem kynntir séu í tillögu að matsáætlun muni hafa minnst áhrif á byggð og ferðamennsku á helstu ferðaleiðum á svæðinu. Einkum sé sá kostur sem Landsnet leggur fram sem aðalvalkost talinn falla best að landi og vera minnst áberandi.

Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeim kostum sem til greina komu á fyrri stigum málsins og ástæðum þess að þeir þóttu ekki fullnægjandi. Gera þarf grein fyrir forsendum þeirra valkosta sem lagðir eru fram í tillögu að matsáætlun, m.a. hvaða umhverfisþættir voru hafðir til hliðsjónar. Einnig þarf að gera grein fyrir forsendum fyrir því að kostir B, C og D þykja lakari en aðalvalkostur Landsnets. Þá telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í matsferlinu verði þess gætt að athugunarsvæði (skilgreint mannvirkjabelti) sé nægilega vítt til þess að hægt verði að taka tillit til upplýsinga er fram kunna að koma í matsferlinu og taka þarf tillit til við val á endanlegu línustæði. Loks telur Skipulagsstofnun ljóst að fyrirhugaðar háspennulínur munu liggja um allmargar landareignir og í frummatsskýrslu þurfi að gefa yfirlit yfir þær jarðir sem fyrirhugaðar línur munu liggja um miðað við mismunandi línuleiðir, auk þess að sýna jarðir á korti.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram samræmi framkvæmdarinnar við aðalskipulag Skaftárhrepps.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Fram kemur í viðbrögðum Landsnets við umsögn Ferðamálastofu að mat á umhverfisáhrifum muni fela í sér stærsta mögulega umfang mannvirkja, þó ekki liggi enn fyrir hvort lagðar verði 132 kV eða 220 kV háspennulínur eða hvort leggja þurfi tvær samhliða línur frá Búlandsvirkjun að tengivirki við Sigöldulínu 4.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt tillögu að matsáætlun verður ekki lagt sérstakt mat á landnotkun. Ljóst er að háspennulínur munu liggja um land með mismunandi landnotkun samkvæmt aðalskipulagi Skaftárhrepps og í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif fyrirhugaðra háspennulína á landnotkun. Í frummatsskýrslu þarf einnig að fjalla um áhrif þess að línuvegur kann að opna fyrir umferð að svæðum sem hafa verið án vegtengingar fram að þessu og meta áhrif aukins aðgengis og álags á náttúrufar.

Jarðfræði og jarðmyndanir. Í kafla 4.4.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðfræði og jarðmyndanir. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á korti, ef við á, svæði sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og í næsta nágrenni hennar. Fjalla þarf um hvort og þá hvar samhengi jarðmyndana raskast vegna framkvæmdarinnar (línur, slóðir) og hvernig tekið hefur verið tillit til þess í þeim kostum sem lagðir eru fram.

Landslag og sjónræn áhrif. Í kafla 4.4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og sjónræn áhrif. Ferðamálastofa bendir á í umsögn sinni að fyrirhugaðar línur verði um það bil 35 km langar og með líkanamyndum eigi að meta sjónræn áhrif á einungis fimm stöðum á þeirri leið. Óskað er eftir því að fjölgað verði þeim stöðum þar sem meta eigi sjónræn áhrif og staðsetning þeirra og sjónarhorn þaðan vandlega valin þannig að líkanamyndir gefi rétta mynd af því hver sjónrænu áhrifin verði á upplifun ferðamanna. Landsnet áréttar að í frummatsskýrslu eigi að sýna útsýni frá byggð og markverðum stöðum vegna útivistar eða útsýnis. Framkvæmdasvæðið í heild sinni sé einsleitt og meginhluti línunnar muni liggja um óaðgengilegt heiðarland þar sem ekki sé mikið um mannaferðir. Því megi telja að líkanamyndir frá fimm stöðum dugi til að meta sýnileika mannvirkjana. Þá sé ljóst að fyrirhugaðar háspennulínur muni ekki fara um verndarsvæði né svæði sem til greina komi að vernda vegna stórbrotins landslags.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvernig greining á landslagi og mat á sérstæðni landslagsheilda á svæðis- og landsvísu hefur verið nýtt til að meta hvar best sé að staðsetja mannvirki með tilliti til áhrifa á landslag. Í umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu þarf að sýna ásýnd umhverfisins fyrir og eftir framkvæmdir og þar sem ljósmyndir verði notaðar komi fram af hverju viðkomandi útsýnisstaðir hafi verið valdir og sýna þarf á korti staðsetningu myndatökustaða og sjónarhorn mynda. Skipulagsstofnun telur ekki rétt að útiloka að niðurstöður landslagsgreiningar og/eða viðhorfskönnunar meðal ferðamanna leiði í ljós þörf verði á að meta sjónræn áhrif frá fleiri stöðum en tilgreindir eru í tillögu að matsáætlun og tekur að því leyti undir umsögn Ferðamálastofu varðandi fjölda útsýnisstaða sem notaðir verði til að meta sjónræn áhrif.

Fornleifar. Í kafla 4.4.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Í frummatsskýrslu þarf að sýna staðsetningu fornleifa á korti eða loftmynd, ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Aðrar framkvæmdir í Skaftártungu

Í kafla 4.5.3 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um sammögnunaráhrif með fyrirhuguðum virkjunum á svæðinu (Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun), að því marki sem upplýsingar og framvinda þeirra framkvæmda gerir kleift. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um hvort tenging Hólmsárvirkjunar og Búlandsvirkjunar muni kalla á stækkun Sigöldulínu 4 og ef svo væri ætti að gera grein fyrir sammögnunaráhrifum stækkunarinnar með öðrum framkvæmdum á svæðinu. Landsnet bendir á að ekki liggi fyrir hvar nota eigi orku frá fyrirhuguðum virkjunum, sem háspennulínurnar muni tengja við byggðalínu. Því sé erfitt að segja til um hvort þörf verði á að styrkja Sigöldulínu 4. Ef aðeins Hólmsárvirkjun verði reist sé ekki talin þörf á að styrkja línuna, en líklegt sé að svo þurfi að gera ef báðar virkjanirnar verði að veruleika. Fram kemur að Landsnet hefur hafið undirbúning að því að auka flutningsgetu hins miðlæga flutningskerfis Landsnets, en Sigöldulína 4 sé einn hlekkur í því kerfi. Það sé sjálfstætt verkefni sem fari í mat á umhverfisáhrifum þegar undirbúningi ljúki og nauðsynlegar forsendur liggi fyrir.

Skipulagsstofnun bendir á að í ákvörðun stofnunarinnar, dags. 7. apríl 2011, um að Búlandsvirkjun, Hólmsárvirkjun og tengdar raflínur í Skaftárhreppi skyldu ekki meta sameiginlega, kemur fram að óvissa ríkir um hvernig virkjanaáformum í sveitarfélaginu muni vinda fram. Umfang fyrirhugaðrar lagningar háspennulína að Sigöldulínu 4 mun ráðast af því hvort önnur eða báðar virkjanirnar verði reistar og þar með hvort þörf verði á að stækka línuna. Hins vegar mun fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum háspennulínanna gera ráð fyrir að tengja eigi báðar virkjanirnar og gera þannig grein fyrir mestu mögulegu áhrifum framkvæmdarinnar. Vegna óvissunnar telur Skipulagsstofnun ekki tímabært að fjallað verði

um sammögnunaráhrif stækkunar Sigöldulínu 4 og tengingar Hólmsárvirkjunar og Búlandsvirkjunar við hið miðlæga flutningskerfi Landsnets. Í frummatsskýrslu þarf þó að gera grein fyrir því hvað stækkun Sigöldulínu 4 mun fela í sér, ef til þess kemur.

Kynning og samráð

Í kafla 5.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samráð. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir sjónarmiðum og rökum landeigenda, m.a. er varða hugsanlega skerðingu á landnýtingu í ljósi þeirra línuleiða sem lagðar eru fram.

Yfirlitskort

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu þarf að birta kort sem sýna mismunandi kosti í legu háspennulínanna og upplýsingar um þá umhverfisþætti sem fyrirhuguð framkvæmd mun hafa áhrif á, þar með talið mikilvæga þætti ferðamennsku á svæðinu. Á yfirlitskortum þurfa hæðarlínur að vera merktar og mikilvæg örnefni auðkennd. Æskilegt er að landamerki séu höfð í lit sem auðveldi aðgreiningu vega og landamerkja á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Efla hf., Skaftárhreppur, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Mannvirkjastofnun, Orkustofnun, Umhverfisstofnun.

Skipulags
stofnun